

AUGLÝSING

um afléttingu tímabundinna varnaðaraðgerða til að fyrirbyggja að fuglaflensa berist í alifugla og aðra fugla í haldi.

1. gr.

Með vísan til þess að alvarleg afbrigði af fuglaflensuveiru hafa ekki greinst á Íslandi hefur ráðherra, að fengnum tillögum Matvælastofnunar, ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 270/2021, um tímabundnar varnaðaraðgerir til að fyrirbyggja að fuglaflensa berist í alifugla og aðra fugla í haldi.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísan til 8. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. maí 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Kolbeinn Árnason.